

# Fundargerð Ungmennaráðs Vestfjarða

Haldinn: Á Teams, 26. ágúst 2024

Tími: 14:30

Mætt voru: Salvör Sól Jóhannsdóttir, Guðbjörg Ósk Halldórsdóttir, Andrés Páll Ásgeirsson, Soffía Rún Pálsdóttir og Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir

Að auki sátu Vilborg Pétursdóttir og Eva Brá (LUF) fundinn, varaforseti Landsambandi ungmennafélaga.

## Umræðuefni fundar

### **1.mál - Fulltrúi Landssambands Ungmennafélaga (LUF) með kynningu.**

Landssamband ungmennafélaga (LUF) eru samtök fyrir félagasamtök ungs fólks á Íslandi, það eru 41 aðildarfélag sem tilheyra því og er fyrir 15-35 ára. Meðal aðildafélaga er SAMFÉS, Ungmennaráð Unicef og Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands.

Þau hugsa um það sem skiptir ungt fólk máli og standa þau einnig vörð um réttindi ungs fólks. Hún lýsti því sem að þau séu að passa upp á að ungmennaráðið sé ekki bara til skrauts heldur er hlustað á tillögur ungs fólks. Mikill hlutur af starfsemi þess er að fara í alþjóðlegt starf og er þar með hægt að tryggja að raddir ungs fólks fái að heyrast á alþjóðlegu sviði, það er einnig mikið um norrænt samstarf.

Halda utan um leiðtogaskóla ungs fólks, þar sem að ungt fólk getur lært að stofna sín eigin samtök, stjórna fundum, og viðburðarstjórn. Námskeiðið er tvær helgar og í lok þess er gert eitthvað ákveðið verkefni sem getur tengst þínum landshluta eða unnið með öðrum landshlutum. Þjálfarar hjálpa að framkvæma verkefnið t.d. að finna styrki og meira. Öll ungmenni geta sótt um í skólanum og fær fólk úr ungmennaráði forgang í skólann og vilja þau fólk sé mismunandi svo þau geti hjálpað hver öðru.

Við höfum fullann rétt að LUF en getum ekki kosið í stjórn ef við sækjum um áheyrnaraðild.

Ef að ungmenni í okkar félagi vill bjóða sig fram til þess að taka þátt í einhverja ráðstefnu í Reykjavík er hægt að fá ferðakostnað og gístikostnað niðurgreiddan.

Það er hægt að sækja um áheyrnaraðild inn á vefsíðu LUF

Ef ungt fólk vill fá áheyrn þá er miklu betra að vinna í þessu saman því þá geta raddir okkar heyrst betur. T.d eins og það er hægt að tala um samgöngur og er þá hægt að vinna með öðrum landshlutum í því og við getum fundið lausn saman.

Hjá LUF er gott að fá hjálp við að finna út hvernig við eigum að gera eitthvað tengt ungmennastarfinu, ef við vitum ekkert hvað við eigum að gera. Ef við erum að velta einhverju fyrir okkur þá er alltaf hægt að hafa samband við LUF

Verið að ræða hvort við viljum vera aðildafélag í LUF og taka allir vel í það vegna þess að þá getum við haft samband við þau ef við viljum. Við getum farið á stóran fund í Reykjavík þar sem ferðakostnaður og gístkostnaður. Við ákváðum að sækja um til að vera í LUF.

## **2. mál – Vinnureglur varðandi fundarboð fyrir fundi Ungmennaráðs**

Verið að skoða hvernig fundarboð eru sent út

Við ætlum að ákveða næsta fund á lok fundar og senda út áminningu tveimur vikum fyrir fund og síðan í sömu viku.

## **3.mál – Áheyrnaraðild að LUF**

Ákveðið er að sækja um Áheyrnaraðild að LUF. Það er verið að skoða hvort við getum fengið netfang fyrir ungmennaráðið.

## **4. mál – Ungmennaping 2025, Staðsetning**

Umræður um staðsetningu næsta Ungmennapings. Gæti kannski verið í Reykjanesi í djúpinu, verið að reyna hafa þetta eins og fjórðungsping. Hafa það annað hvert ár á Ísafirði og hitt árið á Ströndum eða á Suðurfjörðunum.

Flókalundur eða Bjarkalundur mögulega betri heldur en Patró eða bíldudalur, Andrés segir ekki henta að vera þar og heldur að það sé hentugra. Þórgunnur segir að Bjarkalundur sé lokað yfir veturinn. Vilborg ætlar að skoða betur hvað er í boði og hentugt.

## **5. mál – Hugmyndir að þema fyrir Ungmennaping 2025**

Hugmynd: Jafnrétti

Það var ákveðið að þemað fyrir Ungmennapingið 2025 er jafnrétti.

## **6. mál – Önnur mál**

Engin önnur mál á dagskrá

Næsti fundur er 11. nóvember, 14:30

Fundi slitið: 15: 28